

42

30. júní

L Ö G

um heimild til þess að taka eignarnámi nokkur lönd á hverasvæði í Ölfusi.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka eignarnámi ríkinu til handa eftirtaldar landeignir í Ölfusi:

1. Það af landi jarðarinnar Vorsabæjar, sem ekki er eign ríkisins, með eftirgreindum landamerkjum: Að austan takmarkast landið af Varmá, að sunnan af landamerkjum Vorsabæjar, frá Varmá um fornu Vorsabæjarrúst, sjónhend- ing yfir Breiðutorfu og þaðan í Neðrasnið við Hengladalsá, að vestan landa- merki Reykjakots að Varmá, en eftir það ræður Varmá mörkum fyrir landinu að norðan.
2. Landblett Gísla Björnssonar, svonefnt Ekrubarð, háðum megin við þjóðveginn ofan við efri brúna á Varmá.

2. gr.

Takist ekki samkomulag við núverandi ábúanda Vorsabæjar um afnotamissi á því landi, sem væntanlegur skipulagsuppráttur nær yfir, er ríkisstjórninni heimilt að taka afnotarétt ábúandans á því landi eignarnámi.

3. gr.

Um framkvæmd eignarnáms samkv. 1. og 2. gr. skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

43

30. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 71 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrri málsg. 10. gr. laganna orðist svo:

Nú vill félagsmaður selja íbúð, er hann hefur fengið að tilhlutun byggingarsamvinnufélags, og hefur félagið þá forkaupsrétt. Ef samkomulag næst ekki um söluverð

til félagsins, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum, og hlíti seljandi mati þessu, **43**
 ef hann þá kys að selja og félagið vill kaupa. Næst á eftir félaginu hafa félagsmenn, ^{30. júní}
 sem ekki eiga íbúð, forkaupsrétt við sama verði, enda hafi þeir ekki byggt íbúð með
 aðstoð félagsins samkvæmt þessum lögum. Ekki er eiganda íbúðar heimilt að fram-
 leigja nema nokkurn hluta íbúðarinnar. Þó getur hann leigt heila íbúð um stundar-
 sakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og félagsstjórnin leyfir og samþykkir
 leigumálann.

2. gr.

13. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

44

um breyting á lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

30. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
 þykki mínu:

Í staðinn fyrir „Reykholt í Borgarfjarðarsýslu“ í 3. gr. laganna komi: við
 Stafholtsveggjahver í Borgarfirði.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

45

um sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss,
 Eyrarbakka og Stokkseyrar.

30. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
 þykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogs-
 stöðinni til Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyrar og til þeirra fyrirtækja og sveitabýla í
 Árnassýslu, sem þannig eru sett, að unnt er kostnaðar vegna að veita rafmagni til
 þeirra, og einkarétt til sölu á þessu svæði.